

Kiosk ehf.
Hagasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. mars 2021
UST202012-215/B.B.B.
07.04.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 22.12.2020 þar sem eftirlit með ódýru skarti var kynnt og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Í eftirlitinu var rannsakað hvort að vara valin af handahófi innihaldi blý og ef svo hvort magn blýsins væri innan leyfilegra marka (undir 0,05% af heildarþyngd) sbr. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Blýstyrkur þessarar tilteknu vöru reyndist vera innan leyfilegs magns.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í þessu eftirlitsverkefni var eingöngu verið að rannsaka blýmagn í ódýru skarti og aðeins ein vara valin til efnagreiningar. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Kiosk ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Að framansögðu telst máli þessu lokið.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur